Óður til Andersens

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir og Hafnarhús

Joseph Kosuth, Ilya og Emilia Kabakov

Lífheimur – H.C. Andersen Kjarvalsstaðir og Hafnarhús Sýningin stendur til 5. júní. Opið daglega frá kl. 10–17.



Morgunblaðið/Ásdís

Nýju fötin keisarans *„Segja má að þessi velheppnaða innsetning fjalli um skáldskap sem blekkingarsmíð: sýningargesturinn sér í gegnum hana en lætur samt fúslega draga sig á tálar.“ Myndin er tekin á sýningu Kosuths, Ilya og Emilia Kabakovs á Kjarvalsstöðum sem stendur til 5. júní.*

JOSEPH Kosuth telst einn frumkvöðla hugmynda- eða konseptlistarinnar á 7. áratug síðustu aldar. Í innsetningunni „Auðþekkjanlegur mismunur“ í Vestursal Kjarvalsstaða notar Kosuth texta H.C. Andersens um Nýju fötin keisarans og vísar jafnframt á kaldhæðinn hátt í eigin stöðu í listheiminum. Að sögn skynjaði Kosuth ungur í sögunni ákveðna frelsishugsjón: keisarinn, slitinn úr tengslum við veruleikann, er í raun „barnið“ sem býr yfir frelsi.

Í verki sínu vinnur Kosuth með textatengsl svo úr verður ný merking. Í svart teppi, sem hylur nánast allt gólf salarins, er ofinn hluti af texta Andersens og sem undirtexti valin brot úr gagnrýni danska heimspekingsins Sörens Kierkegaards og samtímamanns Andersens á verk hins síðarnefnda. Verkið er óður til skáldsins á 200 ára afmælinu og Kosuth leitast við að sýna fram á að gagnrýnin umfjöllun Kierkegaards feli í sér jákvætt mat á verkum Andersens. Kosuth hefur hér brugðið sér í gervi hins barnslega keisara sem tekur sér það bessaleyfi að setja hlutina og sjálfan sig í óvænt samhengi.

List er hugmynd sagði Kosuth á 7. áratugnum. Það er vitneskjan um hugmyndina sem gildir og er sýningargestinum í sjálfsvald sett hversu djúpt hann kafar í texta teppisins, sem lesa má ýmist á dönsku eða í enskri þýðingu. Lesturinn krefst líkamlegrar hreyfingar í tíma og rúmi, enda á milli í salnum, og býður upp á merkingarspuna í ýmsar áttir.

Það er ný reynsla að stíga inn á teppalagt gólf á Kjarvalsstöðum en veggir eru auðir. Loftið hefur verið hulið með lérefti og áhrif þess dempuð. Engu að síður hefur innsetning teppisins í þessum sal á sér dálítið þyngslalegt eða mettað yfirbragð þar sem form teppisins ýtir undir „ferkantaða“ og lokaða upplifun. Á sýningu Nikolaj-listasafnsins í Danmörku var þetta verk innsetning í gamalli kirkju þar sem byggingarfræðileg umgjörð myndaði samspil við teppið sem af ljósmyndum að dæma skapaði tilfinningu fyrir viðeigandi „upplyftingu“.

Trúarlegt samhengi á þar einnig snaran þátt og vísar til þess að H.C. Andersen á sér helgan stað í danskri menningarsögu. Innsetningin á Kjarvalsstöðum hefur ekki slíkan sjónrænan meðbyr þó að vissulega hafi listasafninu verið líkt við helgistað.

Í textainnsetningunni „Andersen með eigin orðum“ í porti Hafnarhússins nýtir Kosuth sér léttleika hins hvíta og bjarta rýmis og þó þar sé einnig tjaldað yfir, nær verkið töluverðu flugi og „vex“ út í safnrýmið allt og tengist hafinu og fjallasýn útifyrir. Verkið miðlar upplýsingum í anda konseptlistarinnar: þar má á víð og dreif um veggi lesa stuttar, persónulegar tilvitnanir í Andersen sjálfan í hvítum neonljósastöfum, eins konar „spurt og svarað“, m.a. um uppáhaldslit hans og eftirlætisborg o.s.frv. Skáld og listamenn sem Andersen hafði mætur á endurspegla tíðarandann og danskan menningararheim. Ólíkt verkinu á Kjarvalsstöðum er gólfið autt en lestur verksins kallar ekki síður á hreyfingu um rýmið. Gluggi inn í portið með íslenskri gerð textans á glerinu skapar nýja vídd í verkinu þar sem setningarnar fljóta að því er virðist um allt rýmið: gólf, veggi og loft og blandast dönsku textunum. Innsetningin felur í sér óvenjulega könnun á sambandi tungumáls og sjálfsmyndar og í hljóðlátum einfaldleika sínum er hún áhrifaríkur óður til skáldsins. „Minning: einskonar eyja í tímanum“ segir í ljóði eftir Þorstein frá Hamri. Þessi orð eiga vel við um verk hinna þekktu hjóna Ilya og Emiliu Kabakov „Morgunn, kvöld, nótt …“ í austursal Kjarvalsstaða sem einnig fjallar um ævintýraheim Andersens. Hér fást þau öðrum þræði við hugmyndina um safnið sem helgidóm og leiða sýningargestinn á vit ævintýra og bernskuminninga jafnt í rýmislegum skilningi sem huglægum. Ferhyrnt rými salarins er brotið upp í þrjú aðskilin herbergi sem horft er inn í – í raun sama herbergið um morgun, kvöld og nótt. Í fyrstu mætti halda að um heimsókn á byggðasafn væri að ræða þar sem fortíðin er varðveitt í hæfilegri fjarlægð: við heyrum tónlist í bakgrunni og sjáum tvö málverk í klassískum stíl á vegg með lágri panelklæðningu en inn um glugga, jafnstóran málverkunum, blasir við annars konar þrívíddarblekking: herbergi þar sem er franskur gluggi, skatthol sem veitir tilfinningu fyrir nærveru skáldsins, og fyrir miðju líkan af ævintýraeyju sem komið hefur verið fyrir á stalli. Eyjan er staðleysa sem þó er kunnugleg: fjall þar sem efst trónir kastali en í hlíðunum getur að líta hús, kletta og trjágróður. Fjallið frá ýmsum sjónarhornum er jafnframt myndefni málverkanna en þar rís það upp úr flatlendi. Undir fjallslíkaninu sést kjarni eða uppspretta sköpunarinnar: hellir þar sem snúast á hringekju ævintýraverur úr sögum H.C. Andersens, s.s. Þumalína og Litla hafmeyjan, svo sem hverfill í orkuveri – sem einmitt knýr nú sköpunarverk Kabakov-hjónanna og Kosuth. Jafnframt sést í gegnum fjallið og út um glugga inn í næsta herbergi sem tælir gestinn dýpra inn í magnaða veröld blárra fjalla. Segja má að þessi vel heppnaða innsetning fjalli um skáldskap sem blekkingarsmíð: sýningargesturinn sér í gegnum hana en lætur samt fúslega draga sig á tálar.

Anna Jóa

Lesbók

mælir með...

Leiklist

Lesbókin mælir að þessu sinni með *Ronju ræningjadóttur* í Borgarleikhúsinu. Það er Arnbjörg Hlíf Valsdóttir sem leikur titilhlutverkið og hefur fengið góða dóma fyrir frammistöðu sína. Gagnrýnandi sagði m.a.: „Arnbjörg Hlíf er klárlega hárrétt Ronja, barnsleg, lipur, syngjandi og skemmtileg, Friðrik er líka fínn Birkir, þó hárkollan geri ekki mikið fyrir hann og Þórhallur Sigurðsson er ábúðarmikill og höfðinglegur Matthías. Rassálfarnir eru óhemjusætir …“ og þannig mætti áfram telja. Nú er bara drífa sig með börnin.

Myndlist

Varúð – Grjótskriða heitir sýning Steingríms Eyfjörð sem nú stendur yfir í Galleríi 101. Hugmyndin að henni kviknaði er listamaðurinn sá blaðaljósmynd af grjóthruni á veg sl. vor, en hann segir þeirrar tilhneigingar gæta hjá þjóðinni að „líta á fyrirbæri eins og grjótskriðu sem verknað lifandi vera og gjarnan í tengslum við hugmyndir um náttúruvætti, tröll og svo framvegis“. Hann segist m.ö.o. vera að vinna með „þessa ákveðnu þjóðlegu tilfinningu sem er ennþá svo rík í nútímamanneskjunni“.
Þeim sem verða á rúntinum um helgina er einnig bent á einstakt tækifæri til að skoða vatnslitamyndir úr dánarbúi Louisu Matthíasdóttur, sem sýndar verða í galleríi Kolbrúnar Kjarval við Skólavörðustíg.

Kvikmyndir

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói í Hafnarfirði sænsku myndina *Ástkonuna* (*Älskerinnan*) frá árinu 1932. Myndin er í leikstjórn Vilgot Sjöman sem lést fyrir skömmu.



Morgunblaðið/Ómar

Ronja *„Arnbjörg Hlíf er klárlega hárrétt Ronja, barnsleg, lipur, syngjandi og skemmtileg…“*

„Ástkonan var fyrsta mynd hans í fullri lengd en áður hafði hann fengist við skriftir. Hann var undir verndarvæng Bergmans við gerð *Ástkonunnar* og myndin ber þess nokkur merki, bæði hvað varðar form og innihald. Þó er ekki síður gaman að skoða væg nýbylgjuáhrif sem þarna sjást í fyrsta sinn í sænskri kvikmyndagerð. Bibi Andersson leikur unga konu og myndin fjallar um ástarþríhyrning; ungu konuna og samband hennar við ungan kærasta og eldri elskhuga. Með hlutverk unga mannsins fer Per Myrberg en elskhuginn er leikinn af Birger Lensander,“ segir í tilkynningu frá safninu.
Myndin er sýnd kl. 16 í dag og er athygli vakin á því að tal er sænskt og textinn enginn.

Tónlist

Það gerist ekki oft að frumfluttar eru íslenskar óperur. Það heyrir því til tíðinda að í kvöld verður óperan *Mærþöll* eftir Þórunni Guðmundsdóttur frumflutt – unnendum íslenskrar óperutónlistar til ómældrar ánægju. Uppfærslan er í Íslensku óperunni, en það eru nemendur úr Tónlistarskólanum í Reykjavík sem sjá um flutninginn. Í upplýsingum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík kemur fram að Þórunn líti á það sem áskorun að spreyta sig á nýju formi. Hún leitaði fanga í íslenskum sagnaarfi og „varð himinlöð þegar [hún] rakst á Mærþallar sögu í safni íslenskra ævintýra“.

Lesarinn

Sendiferðin eftir Raymond Carver.
Bjartur, 2004.

Fyrir rúmum tíu árum þegar ég var námsmaður í Bandaríkjunum var mér gefin bók eftir Raymond Carver sem nefnist *Where I'm calling from* og er safn mjög óvenjulegra smásagna. Við lestur þeirrar bókar var eins og ég dytti inn í nýja veröld og mér er óhætt að segja að sjónarhæð höfundar hafi haft afgerandi áhrif á hugmyndir mínar um lífið og þau fræði sem ég var að glíma við. Carver skrifaði tiltölulega fáar smásögur á stuttu ævi- og höfundarskeiði sínu – hann lést af völdum krabbameins, ef ég man rétt, og ofdrykkju innan við fimmtugt. Flestum sögum hans má lýsa þannig að þær hafi hvorki upphaf né endi. Lesandinn er staddur í einhverri atburðarás sem höfundur lýsir af næmni og í smáatriðum; sneiðmynd af línu tímans festir augað á einum skurðpunkti sem skiptir máli í sögunni sem verið er að segja. Hann skiptir ekki máli vegna þess að hann sé merkilegri en aðrir heldur einfaldlega vegna þess að hann er viðfangsefni hversdagsins í sögu Carvers. Þegar ég tók mig til og keypti mér allar neon-bækur Bjarts fyrir nokkrum árum gladdi það mig að í röðinni var að finna frábæra þýðingu Óskars Árna Óskarssonar á nokkrum sögum Carvers sem gefnar voru út eftir lát hans. Bókin *Sendiferðin* eftir Carver hefur verið í mínum höndum undanfarna daga og verður það örugglega eitthvað áfram.



Sigurður Gylfi Magnússon

Sigurður Gylfi Magnússon

Dagbókarbrot

Úr Ljóra sálar minnar eftir Þórberg Þórðarson, 25. apríl 1914.

Loft stórskýjað, suðvestangola og hlýtt veður. Stundum eru ofurlitlar áleiðingar.
Eg vann 3 klt. að yrkisefni og 2 klt. að íslenskulestri. Kl. 91/2 til 31/2 um nóttina sat eg samsæti, sem ungmennafélagar héldu Guðbrandi Magnússyni. Var þar kaffidrykkja, ræðuhöld og flutt kvæði. Þar flutti eg Guðbrandi þrítuga drápu undir fornyrðislagi. Eftir þetta (kl. 12) fór fólk að dansa.